

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977 - 1997 frá 30. mars 1978 með síðari breytingum.

Breytingin er á þann veg að iðnaðarlóðir nr. 13 og 15 við Brákarbraut verða verslunar-, þjónustu- og stofnanalóðir.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013 frá 19. maí 1994 með síðari breytingum.

Breytingin felst í lokun Skólamerkur milli Breiðamerkur og Reykjamerkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.